

Samþykkt um skilti

í lögsögu Reykjanesbæjar

Umhverfis- og framkvæmdasvið í Reykjanesbæ, 2025

## 1. KAFLI. Markmið:

- 1.1. Að Samþykktin tryggi sem best jafnræði, samræmi og réttaröryggi við hönnun og umsýslu erinda/umsókna um uppsetningu skilta í umdæmi byggingafulltrúa Reykjanesbæjar.
- 1.2. Að skilti, sem er m.a. auglýsing, sé í samræmi við og falli sem best að gildandi skipulagi lóða Reykjanesbæjar og sé sem prýði í bæjarmyndinni sem heild.
- 1.3. Að tryggja að skilti séu bæði gagnleg og upplýsandi fyrir íbúa Reykjanesbæjar og ekki síður fyrir þá sem um svæðið fara og þjóni þannig tilgangi sínum sem best.
- 1.4. Að tryggja að skilti séu þannig uppsett, staðsett og útlítandi að ekki skapist hætta eða brot gagnvart umferðaröryggi þ.e. það öryggi sem ætlað er að ná fram með reglum umferðarlaga og annarra laga og reglna, s.s. bygging- og skipulagslaga.
- 1.5. Að tryggja aðkomu nágranna, þ.e. nábylis-eða grenndarréttar sbr. ákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012.
- 1.6. Að samþykktin sé þannig leiðbeinandi að hún brjóti ekki í bága við ákvæði byggingarreglugerðar, sé frekar gagnleg sem nánari skýring við útfærslu.

## 2. KAFLI. Gildissvið Samþykktarinnar:

- 2.1. Samþykkt þessi gildir innan lögsögu Reykjanesbæjar.
- 2.2. Samþykktin gildir um hvers konar skilti og auglýsingar sem sótt er um leyfi fyrir hjá embætti byggingafulltrúa Reykjanesbæjar.
- 2.3. Samþykkt um stafræn skilti í lögsögu Reykjanesbæjar gildir óbreytt
- 2.4. **Undanþegin ákvæðum samþykktarinnar eru þó:**
  - 2.4.1. Auglýsingar á bifreiðum, en þó ekki í þeim tilfellum sem bifreiðar eru sérstaklega merktar og kyrrstæðar tímabundið, eingöngu í þeim tilgangi einum að auglýsa.
  - 2.4.2. Auglýsingar á íþróttaleikvöngum, enda snúi þær inn á við að leikvanginum.
  - 2.4.3. Auglýsingar sem eru órjúfanlegur hluti af hönnun byggingar.
- 2.5. Hver sá, sem á lögvarinna hagsmuna að gæta, getur innan eins mánaðar frá því að honum var kunnugt um ákvörðun byggingafulltrúa varðandi auglýsingaskilti, skotið þeirri ákvörðun til úrskurðar úrskurðanefndar Umhverfis- og auðlindamála. Um málskot fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um Mannvirki frá 2010 með síðari breytingum, sem og stjórnslutölum nr. 37 frá 1993.

## 3. KAFLI. Hugtök og Flokkun:

- 3.1. Með orðunum **skilti og auglýsing** og öðrum samsvarandi orðum er í samþykkt þessari átt við hvers konar texta, myndir eða myndverk ásamt tilheyrandi auglýsingastandi, borðum, spjöldum og öðrum sambærilegum tilfæringum, sem ætlað er að vekja athygli almennings á vörum, þjónustu eða starfsemi hvers konar. Gildir þá einu hvort þau eru hreyfanleg eða föst eða komið fyrir til lengri eða skemmri tíma, hvort þau eru á einkalóð, opinberu svæði eða mannvirki né hvernig

- þeim er komið fyrir, t.d. hvort þau eru máluð á húsvegg, mynduð með lýsingu eða með öðrum sambærilegum hætti.
- 3.2. Með orðinu **ljósaskilti** er átt við skilti þar sem form eða texti eru mynduð með ljósum, eða öðrum samsvarandi hætti. Samþykkt um stafræn skilti í lögsögu Reykjanesbæjar gildir óbreytt
  - 3.3. Með orðinu **bráðabirgðaskilti** er átt við viðburðaskilti eða auglýsingu sem tengist nákvæmlega tímasettum viðburðum, s.s. hátíðum, sýningum, kosningum, ráðstefnum, mótum og keppni og skiltum sem sett eru upp vegna bygginga- eða vegaframkvæmda og greina t.d. hver hafi hannað mannvirkið eða hafi umsjón með framkvæmdum.
  - 3.4. Bráðabirgðaskilti eru einnig öll lausaskilti sem ekki eru fest varanlega við jörð eða mannvirki.
  - 3.5. Með orðinu **upplýsingaskilti og fræðsluskilti** er átt við skilti sem sett eru upp til upplýsinga og fræðslu á friðlýstum svæðum, almennum útivistarsvæðum, garð- og leiksvæðum.
  - 3.6. Með orðinu **veggspjald** er átt við plaggat sem hægt er að líma eða festa á annan hátt á húsvegg.
  - 3.7. Með orðinu **þjónustuskilti** er átt við skilti sem sýna nafn og heimilisfang íbúa, heiti fyrirtækis, þjónustu, starfsemi eða vörumerki þess, sem er komið fyrir á eigin lóð eða starfsstöðvar auglýsandans.
  - 3.8. Með **stærð auglýsingaskilta** er átt við heildarumfang auglýsinga, þ.e. heildarbreidd, heildarhæð o.s.frv.

#### 4. KAFLI. Umsóknir:

- 4.1. Hver sá sem óskar leyfis til að setja upp eða koma fyrir skilti eða auglýsingu skal skila skriflegri og undirritaðri umsókn til byggingafulltrúa.
- 4.2. Hverri umsókn skal fylgja eftirfarandi :
  - 4.2.1. Nafn, heimilisfang og símanúmer eiganda skiltis eða auglýsingar.
  - 4.2.2. Heiti lóðar sem umsóknin tekur til.
  - 4.2.3. Málsett afstöðumynd í 1:500 sem sýnir staðsetningu skiltis eða auglýsingar, þar sem við á Útlitsmyndir og sneiðingar í viðeigandi m.kv. og ljósmyndir eftir því sem við á, auk texta sem á að vera á skilti eða auglýsingu.
  - 4.2.4. Greinargerð um uppsetningu, festingar og gerð skiltis.
  - 4.2.5. Viðurkenning Rafmagnsöryggisviðs Mannvirkjastofnunar þegar við á.
  - 4.2.6. Nafn og heimilisfang þess sem hannar skilti eða auglýsingu.
  - 4.2.7. Undirritað samþykki lóðarhafa eða meðlóðarhafa.
  - 4.2.8. Aðrar upplýsingar sem byggingafulltrúi telur nauðsynlegar.
- 4.3. Um rétt til þess að gera aðaluppdrætti og séruppdrætti af skiltastöndum og burðarvirkjum eða byggingarhlutum er kunna að fylgja skiltum fer eftir ákvæðum greina í 1. kafla í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
- 4.4. Um rétt til þess að setja upp skilti og auglýsingar fer eftir ákvæðum 2,5. gr. í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

## 5. KAFLI. Leyfisveiting:

- 5.1. Byggingafulltrúi veitir leyfi fyrir skiltum og auglýsingum ef umsókn uppfyllir ákvæði samþykktar þessarar.
- 5.2. Þegar sérstaklega stendur á, getur byggingafulltrúi vísað umsókn til Umhverfis- og skipulagsráðs. Eða þegar ekki er fylgt ákvæði um skilti sem kemur fram í deiliskipulagi reits eða á svæði sem nýtir verndar samkvæmt skilmálum aðalskipulags
- 5.3. Umsóknir um leyfi fyrir ljósaskiltum skulu þó jafnan lagðar fyrir ráðið.
- 5.4. Byggingafulltrúi getur heimilað uppsetningu bráðabirgðaskilta og skulu þau ekki sett upp fyrr en 4 vikum fyrir viðburð. Þau skal taka niður eigi síðar en tveimur dögum eftir viðburð.
- 5.5. Byggingarfulltrúi getur gefið tímabundin leyfi fyrir skiltum og auglýsingum.
- 5.6. Leyfisgjald skal fara eftir gjaldskrá Reykjanesbæjar um byggingaleyfis- og þjónustugjöld.
- 5.7. Óheimilt er að setja upp eða koma fyrir auglýsingu eða skilti, þótt leyfisumsókn hafi hlotið endanlegt samþykki, fyrr en leyfisgjald hefur verið greitt og iðnmeistarar, eftir því sem við á, hafa áritað yfirlýsingu um ábyrgð sína á verkinu.
- 5.8. Ef leyfisgjald er ekki greitt og viðeigandi iðnmeistarar hafa ekki áritað yfirlýsingu um ábyrgð sína innan 12 mánaða frá endanlegri samþykkt leyfisumsóknar, fellur leyfið úr gildi.

## 6. KAFLI. Eftirlit:

- 6.1. Byggingafulltrúi annast eftirlit með skiltum og auglýsingum og leyfum fyrir þeim.
- 6.2. Byggingafulltrúi skal ganga úr skugga um að uppsett skilti séu í samræmi við leyfi og vekja athygli umsækjenda á annmörkum og frávikum.
- 6.3. Þegar skilti (auglýsing) er sett upp án leyfis og / eða stríðir gegn ákvæðum samþykktar þessarar, skal byggingafulltrúi, ef hann álitur skiltið samræmast ákvæðum, skora skriflega á eiganda/eigendur þess eða lóðarhafa, ef eigandi er ókunnur, að sækja um leyfi fyrir því innan þeirra tímamarka sem byggingafulltrúi ákveður, sem skulu þó að jafnaði ekki vera skemmri en tvær vikur.
- 6.4. Verði eigandi skiltis, eða eftir atvikum lóðarhafi, ekki við áskorun byggingafulltrúa, eða telji byggingarfulltrúi hættu stafa af óleyfisskilti, skal fara með slík mál eftir ákvæðum 2.9. KAFLA um Þvingunarúrræði og viðbrögð við brotum.

## 7. KAFLI. Skilti sem háð eru leyfum:

- 7.1. Skilti (auglýsingar), sem í 3. kafla samþykktar þessarar greinir, eru háð leyfi samkvæmt 5. kafla nema þau skilti sem falla undir skilgreindar undantekningar og fjallað er um sérstaklega í 7. kafla í samþykkt þessari.
- 7.2. **Skilti á íbúðarsvæðum:**
  - 7.2.1. Þjónustuskilti sem eru stærri en 0.1 m<sup>2</sup>.
  - 7.2.2. Þjónustuskilti fyrirtækja eða stofnanna sem eru stærri en 1.5 m<sup>2</sup>.

- 7.2.3. Skilti sem auglýsa sölu eða leigu á eign og eru stærri en 0.5 m<sup>2</sup> og/ eða fleiri en eitt á eign.
- 7.2.4. Skilti sem veita upplýsingar um nýbyggingar og breytingar eða viðgerðir á mannvirkjum, eru staðsett á viðkomandi lóð og eru stærri en 2.0 m<sup>2</sup>.
- 7.2.5. Skilti sem sýna deiliskipulag svæða og eru stærri en 3.0 m<sup>2</sup>.
- 7.3. Skilti á stofnanasvæðum, í miðhverfum og á verslunar- og þjónustusvæðum:**
- 7.3.1. Þjónustuskilti sem eru stærri en 1.5 m<sup>2</sup>.
- 7.3.2. Skilti sem auglýsa sölu eða leigu húsnæðis og eru stærri en 0.75 m<sup>2</sup> og/ eða fleiri en eitt á eign.
- 7.3.3. Skilti sem veita upplýsingar um nýbyggingar og breytingar eða viðgerðir á mannvirkjum, eru staðsett á viðkomandi lóð og eru stærri en 3.0 m<sup>2</sup>.
- 7.4. Skilti á athafna-, iðnaðar- og hafnarsvæðum:**
- 7.4.1. Skilti sem gefa til kynna heiti, starfsemi, vöru, þjónustu og afgreiðslutíma fyrirtækja á viðkomandi lóð og eru stærri en 3.0 m<sup>2</sup>.
- 7.4.2. Að öðru leyti eru öll þau skilti sem eru háð leyfi á stofnanasvæðum háð leyfi á athafna-, iðnaðar- og hafnarsvæðum.
- 7.5. Skilti í miðbæ Reykjanesbæjar.**
- 7.5.1. Leyfi samkvæmt 3. kafla þarf fyrir öllum skiltum og auglýsingum, sem samþykkt þessi tekur til, að þessum undanskildum.
- Þjónustuskiltum, sem eru minni en 1,5 m<sup>2</sup>.
  - Bráðabirgðaskiltum, sem auglýsa sölu eða leigu húsnæðis og eru ekki stærri en 0,75 m<sup>2</sup> og ekki fleiri en eitt á hverri eign (matshluta)
  - Bráðabirgðaskilti, sem veita upplýsingar um nýbyggingar, breytingar eða viðgerðir á mannvirkjum, eru staðsett á viðkomandi lóð og eru ekki stærri en 3,0 m<sup>2</sup>. Á skiltum skulu aðeins koma fram upplýsingar varðandi mannvirkid, þær framkvæmdir, sem um er að ræða og þá, sem að þeim standa. Skilti samkvæmt þessum lið skulu fjarlægð í verklok.
- 7.5.2. Við veitingu leyfa í miðbæ Reykjanesbæjar skal sérstaklega gæta þess að skilti falli vel að umhverfinu og séu í samræmi við byggingarstíl húss bæði hvað varðar gerð og litaval.
- 7.6. Bráðabirgðaleyfi:**
- 7.6.1. Öll bráðabirgðaskilti eru háð leyfi. Um stærð þeirra og staðsetningu gilda sömu reglur og um önnur skilti.
- 7.6.2. Um tímalengd leyfisveitinga fer eftir grein 5.4. í samþykkt þessari.
- 7.7. Ljósaskilti**
- 7.7.1. Þar sem um er að ræða tækni sem er nær horfin skal sækja um uppsetningu slíkra skilta og er hvert tilfelli metið fyrir sig.

## **8. KAFLI. Skilti sem eru bönnuð.**

- 8.1. Skilti (auglýsingar), sem í 3. kafla samþykktar þessarar greinir, er að öllu venju, óheimilt að setja upp eða koma fyrir.
- 8.2. **Skilti á íbúðarsvæðum:**

- 8.2.1. Á lóðum á íbúðarsvæðum skal ekki veita leyfi fyrir öðrum skiltum en þjónustuskiltum sem eiga við viðkomandi lóð og skulu þau ekki fara yfir neðangreind mörk:
- Skilti á vegum opinberra fyrirtækja og stofnanna: stærri en 2.5 m<sup>2</sup>.
  - Ekki skulu vera fleiri en eitt skilti á hverri lóð.
  - Skilti annarra verslunar- og þjónustufyrirtækja sem eru stærri en 2.5 m<sup>2</sup>.
  - Samanlögð stærð skilta skal ekki fara yfir 2.5 m<sup>2</sup> fyrir hverja 1000 m<sup>2</sup> lóðar.
- 8.3. Skilti á stofnanasvæðum:**
- 8.3.1. Einstök skilti skulu ekki vera stærri en 2,5 m<sup>2</sup>. Samanlögð stærð skilta skal ekki fara yfir 3.0 m<sup>2</sup> fyrir hverja 1000 m<sup>2</sup> lóðar.
- 8.4. Skilti á athafna-, iðnaðar-, og hafnarsvæðum:**
- 8.4.1. Einstök skilti skulu ekki vera stærri en 6.0 m<sup>2</sup>. Samanlögð stærð skilta skal ekki fara yfir 6.0 m<sup>2</sup> fyrir hverja 1000 m<sup>2</sup> lóðar.
- 8.5. Skilti á miðsvæðum og á verslunar- og þjónustusvæðum:**
- 8.5.1. Einstök skilti skulu ekki vera stærri en 6.0 m<sup>2</sup>. Samanlögð stærð skilta skal ekki fara yfir 8.0 m<sup>2</sup> fyrir hverja 1000 m<sup>2</sup> lóðar.  
Ekki er heimilt að strengja borða á milli húsa og/eða yfir götur í miðhverfum og á verslunar- og þjónustusvæðum.
- 8.6. Skilti í Miðbæ Reykjanesbæjar:**
- 8.6.1. Sjálfstætt standandi skilti önnur en þjónustuskilti eru ekki leyfð í miðbæ Reykjanesbæjar.
- 8.6.2. Þjónustuskilti skulu ekki vera stærri en 1,5 m<sup>2</sup>. Önnur einstök skilti skulu ekki vera stærri en 2,5 m<sup>2</sup>. Samanlögð stærð skilta skal ekki fara yfir 6,0 m<sup>2</sup> fyrir hverja 1000 m<sup>2</sup> lóð.
- 8.6.3. Ekki er heimilt að strengja borða á milli húsa og/ eða yfir götu í miðbænum án leyfis.
- 8.6.4. Ekki er heimilt að setja upp veggspjöld utanhúss og ekki er heimilt að líma upp aðrar auglýsingar nema á þar til gerðum skiltastöndum í eigu Reykjanesbæjar.
- 8.6.5.** Ekki er heimilt að setja s.k. skiltasamlokur á gangstéttir og/eða annað land í eigu Reykjanesbæjar án leyfis.
- 8.7. Skilti á friðlýstum svæðum, almennum útivistarsvæðum, garðsvæðum og leiksvæðum:**
- 8.7.1. Á friðlýstum svæðum, vernduðum svæðum, almennum útivistarsvæðum og leiksvæðum eru aðeins leyfð skilti sem gefa upplýsingar um friðlýsingar, gönguleiðir, örnefni, útivistaraðstöðu og fræðslu um sögu og náttúru svæðanna og þau sem gefa til kynna bann við umferð vélknúinna ökutækja, hjóla, hesta og hunda.
- 8.8. Skilti við stofn og tengibrautir:**
- 8.8.1. Staðsetning skilta við stofn og tengibrautir veri í samræmi við vegalög nr. 80/2007.
- 8.8.2. Leyfi þarf fyrir öllum skiltum og auglýsingum við aðalgötur s.s. lífæðar og stofngötur innan Reykjanesbæjar, við Reykjanesbraut, og samkvæmt nánari leiðbeiningum byggingafulltrúa hverju sinni.

- 8.8.3. Skilti önnur en umferðar- og vegvísunarkerki eru ekki leyfð á helgunarsvæðum stofn og tengibrauta.
- 8.8.4. Ekki eru leyfð auglýsingaskilti á stöndum sem snúa að stofn- og tengibrautum og eru nær vegbrún gatnamóta en 100 m eða nær vegbrún götu en 20 m. Skilti mega ekki vera nær umferðar- og vegvísun eða öðrum umferðarbúnaði en 20 m. Ef hámarkshraði á stofn- eða tengibraut er 60 km/klst má auglýsingaskilti á standi ekki vera nær umferðar- og vegvísun eða öðrum umferðarútbúnaði en 30 m og ef hámarkshraði er 70 km/klst þá ekki nær en 40 m.
- 8.8.5. Ekki eru leyfð fleiri en eitt sjálfstætt skilti á þeim hluta lóðar sem snýr að götu nema lóðin sé lengri en 200 m í stefnu samsíða götu.
- 8.8.6. Skilti sem snúa að stofn- og tengibrautum önnur en þjónustuskilti fyrir viðkomandi lóð eru óheimil.

### 8.9. Skilti við safn- og húsgötur:

- 8.9.1. Á lóðum sem liggja að safn- og húsgötum er óheimilt að setja upp auglýsingaskilti, sem eru stærri en hálfur m<sup>2</sup>, nær vegbrún gatnamóta en 100 m ef gatan mætir stofn- eða tengibraut. Að öðrum kosti er óheimilt að setja upp auglýsingaskilti nær vegbrún gatnamóta en 50 m. Skilti mega ekki vera nær umferðar- og vegvísun eða öðrum umferðarútbúnaði en 20 m.
- 8.9.2. Ekki eru leyfð fleiri en eitt sjálfstætt skilti á þeim hluta lóðar sem snýr að götu nema að lóðin sé lengri en 70 m í stefnu samsíða götu.

### 8.10. Öryggi:

- 8.10.1. Skilti mega ekki vera þannig útfærð að þau líkist vegvísun og öðrum umferðarkerkjum á nokkurn hátt, eða þannig staðsett að þau hindri útsýni við gangbrautir og innkeyrslur. Ef breytingar verða á gatnamótum eða nauðsynlegt reynist að breyta umferðarkerkingum skulu eigendur skilta færa þau þannig að þau uppfylli ákvæði í samþykkt þessari.

## 9. KAFLI Almenn ákvæði:

### 9.1. Reglugerðir:

- 9.1.1. Ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012 með síðari tíma breytingum gilda eftir því sem við á um skilti og auglýsingar samkvæmt samþykkt þessari.
- 9.1.2. Við veitingu leyfis ber að gæta þess að skilti falli eins vel að umhverfi sínu og kostur er og ber að vanda sérstaklega til allrar hönnunar.
- 9.1.3. Skilti við vegi á forræði Vegagerðarinnar eru ávalt háð umsögn stofnunarinnar

### 9.2. Lóðarhafar:

- 9.2.1. Leyfi lóðarhafa þarf til þess að koma skilti eða auglýsingu fyrir á lóð. Þegar um er að ræða skilti sem eru háð leyfi skal byggingafulltrúi fara fram á að umsækjandi leggi fram skriflegt samþykki lóðarhafa skv. lögum um fjöleignarhús nr. 26, 1994.
- 9.2.2. Byggingafulltrúi skal gefa nágrönnum kost á að tjá sig um umsókn um uppsetningu skilta telji hann að þeir eigi hagsmuna að gæta. Hann getur einnig lagt fyrir umsækjanda að afla samþykkis tiltekinna nágranna.
- 9.2.3. Skilti skulu staðsett innan lóðamarka viðkomandi lóðar nema í sérstökum undantekningartilvikum t.d. skilti með upplýsingum um bílastæði. Við staðsetningu slíkra skilta skal þess jafnan gætt að þau gangi ekki á rétt nágranna og skapi ekki slyshættu og skal í öllum tilvikum sækja um leyfi fyrir þeim.
- 9.2.4. Reykjanesbæ er þó heimilt að setja upp skilti á bæjarlandi utan lóða, að öðrum skilyrðum uppfylltum, enda þjóni þau tilteknum þörfum þar sem þau eru sett.
- 9.2.5. Sérstakt leyfi þarf ef skilti skagar út yfir lóðarmörk.

### 9.3. Samræming:

- 9.3.1. Við hönnun skilta skal tekið tillit til nálægra mannvirkja og gætt samræmis við skilti sem fyrir eru á lóð og fjölda þeirra.

### 9.4. Hámarkshæð og útkögun skilta:

- 9.4.1. Efsti hluti skiltis eða skiltastands skal ekki vera hærrí en þakbrún nærliggjandi húsa.
- 9.4.2. Mesta hæð skiltis eða skiltastands má þó aldrei vera hærrí en 8 m miðað við gólfkóta 1. hæðar næsta húss á sömu lóð.
- 9.4.3. Skilti, sem fest er á skiltastand, hús eða annað mannvirki, má ekki vera neðar en 2,60 metra hæð frá gangstétt og ekki minna en 4,20 m frá götu.
- 9.4.4. Skilti má ekki skaga meira fram en 0.75 m frá húshlið.

## 10. KAFLI. Ákvæði til bráðabirgða:

### 10.1. Eldri skilti:

- 10.1.1. Byggingarfulltrúi getur krafist þess að eldri skilti (auglýsing), sem sett hafa verið upp án leyfis fyrir gildistöku samþykktar þessarar, skuli fjarlægð þegar í stað ef þau hafa að hans mati truflandi áhrif á umferð eða valda verulegum umhverfisspjöllum.
- 10.1.2. Að öðru leyti skal fara með þessi skilti samkv. ákvæðum 2,5 kafla byggingarreglugerðar 112/2012.
- 10.1.3. Byggingarfulltrúi skal með almennri auglýsingu í dagblöðum gefa eigendum annarra eldri óleyfisskilta (-auglýsinga), sem uppfylla kröfur samþykktar þessarar, kost á að sækja um leyfi fyrir þeim innan eins árs frá birtingu auglýsingarinnar. Í auglýsingu Byggingarfulltrúa skal koma fram, að eftir lok

frestsins geti byggingarfulltrúi, samkv. heimild í 2,5. kafla byggingarreglugerðar, látið fjarlægja óleyfisskilti (-auglýsingar) án frekari fyrirvara á kostnað eigenda þeirra.

10.1.4. Byggingarfulltrúi getur þegar sérstaklega stendur á veitt undanþágu frá samþykkt þessari varðandi eldri skilti.

## **11. KAFLI Heimild til undantekningu.**

11.1. umhverfis- og skipulagsráð getur vikið frá ákvæðum samþykktar um staðsetningu og stærð skilta þegar sérstakar ástæður mæla með. Leita skal umsagnar eftir því sem við á að mati byggingarfulltrúa.

## **12. KAFLI Refsiákvæði:**

12.1. Ef aðili sinnir ekki fyrir mælum byggingarfulltrúa eða umhverfis- og skipulagsráðs innan tilskilins frests, eða brýtur á annan hátt gegn ákvæðum samþykktar þessarar, getur umhverfis- og skipulagsráð beitt ákvæðum um þvingunarúrræði byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

## **13. KAFLI Gildistökuákvæði:**

13.1. Við gildistöku samþykktar þessarar falla úr gildi eldri reglur og viðmiðannir.